

Skipulags og byggingarnefnd Mýrdalshrepps.

Ási.31.1.2010.

Vegna framlagðar tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 vil ég koma eftirfarandi á framfæri við Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps.

Undanfarin 11 ár höfum við eigendur Hótel Dyrhólaeyjar unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu á Brekkum/Ási. Grunnatriði þess að okkur hefur tekist að byggja upp þokkalega einingu er nálægðin við Þjóðveg 1.

Nú hefur Skipulagsnefnd lagt fram tillögu og Sveitarstjórn samþykkt sem færir Hótel úr Þjóðleið. Með framlagðri tillögu er rekstrargrundvöllur Hótel Dyrhólaeyjar settur í uppnám þar sem meirihluti skipulagsnefndar vill færa Þjóðveg 1 og skilja Hótel Dyrhólaey eftir við lítt þjónustaðan sveitaveg sem er úr leið meginþorra ferðamanna. Þar með rýrnar verðmæti Hótelins sem nú stendur aðeins 300 metra frá Þjóðvegi 1. Einnig hefur þessi breyting ef af verður mikil áhrif á samkeppnisstöðu Hótelins til hins verra. Þá er í skipulagstillögunni ekki gerð nein tilraun til að bæta vegarsamband Hótelins ss. með tengvegi meðfram Brandslæk.

Við þetta verður ekki unað og þessum gjörningi því harðlega mótmælt. Jafnframt skorum við á Skipulagsnefnd að hverfa þegar frá þeim hugmyndum að færa Þjóðveginn .

Ef þessar fyrirætlanir koma til framkvæmda munum við leita rétta okkar eftir föngum og áskiljum okkur rétt til að krefjast skaðabóta af viðkomandi yfirvöldum

F.h Hótel Dyrhólaey ehf.

Margrét Harðardóttir, stjórnarformaður.

